



**Langanesbyggð og Embætti landlæknis (EL)** gera með sér eftirfarandi samning um Heilsueflandi samfélag (HSAM).

### 1. grein

#### Heilsueflandi samfélag, meginmarkmið og leiðarljós

Heilsueflandi samfélag er samfélag þar sem tekið er mið af heilsu og vellíðan allra íbúa í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Í Heilsueflandi samfélagi er unnið markvisst lýðheilsustarf með lýðheilsuvísa, gátlista og önnur viðeigandi gögn til að meta stöðuna með tilliti til þarfa íbúa á öllum æviskeiðum og forgangsraða í samræmi við þá greiningu.

Meginmarkið samstarfsins er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa í Langanesbyggð.

#### Leiðarljós Heilsueflandi samfélags:

- **Virk þátttaka samfélagsins í heild** með aðkomu lykilhagsmunaaðila.
- Starfið byggir á **bestu þekkingu og reynslu** á hverjum tíma.
- **Valda ekki skaða** (*do no harm*) með því að huga ávallt að áhrifum starfsins á andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan allra íbúa.
- **Jöfnuður til heilsu** með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka tillit til viðkvæmra hópa.
- **Sjálfbærni**, skipuleggja starfið og leggja grunninn að árangri til lengri tíma litið.

### 2. grein

#### Hlutverk samningsaðila

#### Langanesbyggð:

- Ber ábyrgð á starfinu og vinnur í samræmi við meginmarkmið og leiðarljós HSAM samanber 1. grein.
- Tilnefni tengilið við EL og stuðlar að virku starfi og reglulegri aðkomu lykilhagsmunaaðila með því að hafa starfandi stýrihóp, og eftir þörfum aðra samráðshópa, sem hittast reglulega og horfa heildstætt á málin m.t.t. ólíkra þarfa allra íbúa.
- Setur fram stefnu, markmið og aðgerðaáætlun og metur árangur og framvindu starfsins.
- Notar vinnusvæðið *heilsueflandi.is* og leggur þannig til gögn í árlega skýrslu um stöðu og framvindu starfsins.

#### Embætti landlæknis:

- Styður við starfið m.a. með ráðgjöf, auðkennisefni, gátlistum fyrir helstu áherslupætti HSAM og útgáfu lýðheilsuvísa.
- Leggur til vinnusvæðið *heilsueflandi.is* sem m.a. útbýr árlegar skýrslur um stöðu og framvindu starfsins.

### 3. grein

#### Gildistími og uppsögn samnings

Samningurinn er í gildi á meðan það er vilji samningsaðila að starfa samkvæmt honum. Æskilegt er að endurskoða samninginn á 4 ára fresti. Ef tilefni þykir til geta samningsaðilar óskað eftir því að samningurinn verði endurskoðaður eða ógildur á öðrum tímum.

**Þórshöfn, 12. júní 2018**